

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma, þó eldri sé en 12 ára, sbr. 26. gr. laga nr. 52 12. maí 1970.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. mars 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sígurðsson.

L Ö G

um opinberar fjársafnanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrjú menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera fjárráða islenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

2. gr.

Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

3. gr.

Tilkynna skal viðkomandi lögreglustjóra opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send lögreglustjóra, þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing. Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til lögreglustjóra, þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.